



STRANDABYGGÐ  
SVEITIR SVIJA SVEITIR OG SVEITIR BÓFARI OG BA ALIÐREYFI



Dalabyggð



# Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Ársfundur 11.10.2021

Ársfundur Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs. (BDRS), var haldinn 11. október 2021 og var um fjárfund að ræða.

Formaður, Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttir, setti fundinn um kl. 17:00, bauð fundarmenn velkomna og stýrði fundi. Kristján Sturluson ritaði fundargerð.

Á fundinn voru mætt Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (formaður stjórnar) Reykhólahreppi, Jón Gísli Jónsson (gjaldkeri stjórnar) Strandabyggð, Kristján Sturluson (ritari stjórnar), Einar Jón Geirsson og Skúli Hreinn Guðbjörnsson frá Dalabyggð og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri. Sveitarstjórnarfélagi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga hafði verið boðið á fundinn.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð. Fundurinn hófst svo á dagskrá samkvæmt 9. gr stofnsamnings. Tvö mál voru á dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Fjárhagsáætlun 2021

## 1. Skýrsla formanns

Byggðasamlagið var stofnað sumarið 2019 og staðfest í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Í framhaldinu var ráðinn slökkviliðsstjóri; Ívar Örn Þórðarson. Slökkviliðsstjóri er eini starfsmaður BDRS. hans hlutverk er m.a. að samhæfa starfsemi einstaka slökkviliða, sem eru sjálfstæðar einingar innan hvers sveitarfélags.

Stjórn BDRS er nú skipuð sveitarstjórn Dalabyggðar og Reykhólahrepps og oddvita Strandabyggðar og skipta þeir með sér verkum. Eftir þennan fund átti formennska að vera hjá Strandabyggð, ritari hjá Reykhólum og gjaldkeri hjá Dalabyggð. Að ósk Strandabyggðar verður verkaskipting hins vegar á þá veru að formaður verður Kristján Sturluson, Dalabyggð, ritari verður Jón Gísli Jónsson Strandabyggð og gjaldkeri Ingibjörg Birna Erlingsdóttir Reykhólahreppi.

Stjórn hefur haldið þrjá stjórnarfundi frá ársfundi 2020.

Brunavarnaráætlun er á lokametrinum og verður tilbúin fyrir árslok.



STRANDBYGGÐ  
SVEITARSVEFUR OG SEPULVEROBB OG BA ALIÐTEIG



Dalabyggð



Frekar rólegt hefur verið yfir starfinu vegna Covid-19. Talsvert hefur bæst við af menntuðum slökkviliðsmönnum á Reykhólum og í Strandabyggð. Margt er eftir til að mæta kröfum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

## 2. Fjárhagsáætlun

Slökkviliðsstjóri, Ívar Örn Þórðarson, fór yfir fjárhags- og starfsáætlun.

Fjárhagsáætlunin fyrir 2022 hljóðar upp á kr. 26.321.000.- sem skiptist á sveitarfélögin í samþykktum hlutföllum. Af þessum kostnaði er vaktaálag um 10 milljónir. Fjárhagsáætlun liggur nú fyrir og hefur verið send til staðfestingar hjá sveitarstjórnnum í samræmi við stofnsamninginn.

Verkefni ársins 2021 hafa verið m.a. nýliðanámskeið, hættuástand vegna gróðurelda, stjórnendabakvakt, eldvarnareftirlit og brunavarnaráætlun (lokið að mestu nema framkvæmdaáætlanir fyrir hvert sveitarfélag).

Á stafsáætlun 2022 er að brunavarnaráætlun verði tilbúin, áhersla á eld- og forvarnir, starfsmannamál, námskeið (einkum verkleg), að jafnaði ein æfing í mánuði fyrir hvert slökkvilið. Sérstaklega þarf að horfa til æfinga fyrir reykkafara en að lágmarki eiga að vera fjórir reykkafarar í hverju liði.

Rætt um úttektir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á slökkviliðunum. Það er langtímaverkefni að uppfylla þau atriði sem þar eru sett fram.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:32.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Jón Gísli Jónsson

Ívar Örn Þórðarson

  
SVEITARSTJÓRI  
DALABYGGÐ  
Kristján Sturluson